



SKOÐUN Teitur Guðmundsson vill grípa strax í taumana vegna vaxandi offitu. **7**



MENNING Söngkonan Hallveig Rúnarsdóttir syngur Næturgalann í kvöld. **24**



LÍFID Goðsögnin Jon Anderson tekur þátt í nýrri plötu Todmobile. **34**



SPORT Tveir Íslendingar urðu Norðurlandameistarar í fjölþraut unglunga. **30**

LANDMARK

FASTEIGNASALA

Sími 512 4900 landmark.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Priðjudagur

10. júní 2014
134. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ A ÍSLANDI*

FRÉTTIR



Meirihlutar myndast

Gert er ráð fyrir að meirihluti í borgarstjórn verði kynntur fyrir föstudag. Í sjö af tíu stærstu sveitarfélögum landsins stefnir í að Sjálfstæðisflokkurinn verði í meirihluta. **4**

Humar breiðist út Svo virðist sem útbreiðslusvæði humars hafi farið stækkandi vestur af landinu með hækkandi hitastigi. **6**

Afhendi gögn Menntamálaráðuneytið á að láta nemendur hafa gögn um kennara. **10**

Hryðjuverk í Karachi Talibanar í Pakistan lýstu yfir ábyrgð á árás á flugvöllinn í Karachi í Pakistan. **12**

Ráðherra ósáttur við tafir á afgreiðslu úrskurðarnefndar

Umhverfiráðherra segir tafir á afgreiðslu mála umfram lögbundinn frest hjá úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála vera óásættanlegar. Forstöðumaður nefndarinnar segir fjármagn og mannafla hafa skort.

UMHVERFISMÁL „Staðan er algjörlega óásættanleg fyrir alla aðila“ segir Sigurður Ingi Jóhannsson umhverfiráðherra um málshraða hjá úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Samkvæmt lögum skal úrskurðarnefndin úrskurða þremur til sex mánuðum eftir að hún fær málgögn. Dæmi eru um að bíða hafi þurft úrskurðar í eitt og hálf ár.

Nanna Magnúsdóttir, forstöðumaður úrskurðarnefndarinnar, segir hátt í tvö hundruð mál bíða afgreiðslu. Nefndin hafi því óskað eftir auknu fjármagni.

„Það er bara ákveðinn ómöguleiki fyrir okkur að vinna hraðar

án þess að eitthvað annað komi til,“ segir Nanna.

Sigurður Ingi stefnir að því að bætt verði úr vandanum. „Við munum leggja fram frumvarp um aukafjárveitingar til úrskurðarnefndarinnar þegar Alþingi kemur saman í haust.“ Einnig verði unnið að skipulagsbreytingum til að auka málshraðann.

Ráðherra bætir við að í sumar verði reynt að finna nefndinni fjármagn með því að færa fé milli fjárlagaliða. Óvíst sé hvort það takist.

Nanna segir skýringuna á máls- hraðanum þá að málum hafi fjölgað umfram áætlanir og úrskurðarnefndin hafi verið fálíðaðri en gert var ráð fyrir þegar nefndin var



Nanna Magnúsdóttir, forstöðumaður úrskurðarnefndar um umhverfis- og auðlindamála.

„Það er bara ákveðinn ómöguleiki fyrir okkur að vinna hraðar.“



Sigurður Ingi Jóhannsson umhverfiráðherra

„Við munum leggja fram frumvarp um aukafjárveitingar“

stofnuð 1. janúar 2012. Umhverfiráðherra er ekki einn um að vera óánægður.

Í síðustu viku bókaði bæjarstjórn Fljótisdalshéraðs að það sé „algerlega óásættanlegt að opinber

úrskurðarnefnd sjái sér ekki fært að fara að fyrirmælum laga“. Sveitarfélagið hefur kært Orkustofnun vegna álitamála sem tengjast hækkandi vatnshæð í Lagarfljóti vegna Kárahnjúkavirkjunar. -ih,gar / sjá síðu 6



Bolungarvík	7°	NA	4
Akureyri	15°	N	4
Egilsstaðir	15°	NA	4
Kirkjubæjarkl.	13°	NA	4
Reykjavík	13°	SA	2

Dáltil rigning NV- og A-til og víða síðdegisskúrir. Einna bjartast NA-til og syðst á landinu. Vindur fremur hægur. Víða nokkuð hlýtt hiti 7-18 stig. **4**

2 SÉRBLÖÐ

Fasteignir | Fólk



FJÓGUR Á BÁTI David Cameron frá Bretlandi, Angela Merkel frá Þýskalandi, heimamaðurinn Fredrik Reinfeldt og Hollendingurinn Mark Rutte brugðu sér í bátsferð rétt hjá sumarhúsi Reinfeldts í Harpsund, skammt frá Stokkhólmi. FRÉTTABLAÐIÐ/PA

Forsætisráðherra Svíþjóðar kallaði nokkra leiðtoga til Svíþjóðar:

Róa að því að jafna ágreininginn

SVÍÞJÓÐ Nokkrir evrópskir þjóðarleiðtogar hittust í Svíþjóð í gær til þess að ræða ágreining sinn um það, hver verði fyrir valinu sem næsti forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins.

Það var Fredrik Reinfeldt, forsætisráðherra Svíþjóðar, sem boðaði til fundarins og fékk þau Angelu Merkel Þýskalandskanslara, David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, og Mark Rutte, forsætisráð-

herra Hollands, í heimsókn í bústað sinn skammt frá Stokkhólmi.

Merkel hefur viljað fá Jean-Claude Juncker í embættið, en þeir Cameron og Rutte hafa ekki mátt heyra á það minnst. Reinfeldt hefur einnig lýst yfir efasemdum.

Juncker, sem var lengi forsætisráðherra Lúxemborgar, var einn helsti arkitekt evrunnar.

„Þess er örugglega ekki að vænta að við munum ræða hér persónuleg

„Þess er örugglega ekki að vænta að við munum ræða hér persónuleg málefni.“

Angela Merkel, kanslari Þýskalands

málefni,“ hefur þýska tímaritið Der Spiegel eftir Merkel.

Fundahöldum þjóðarleiðtoganna í Svíþjóð lýkur í dag. -gb



UNGLINGURINN Arnór Björnsson og Óli Gunnar Gunnarsson eru 14 og 15 ára.

Unglingurinn á Grímuna:

Tveir piltar fá tilnefningar

LEIKLIST „Ég hef ekki fagnað jafn mikið og síðan Liverpool vann Meistaradeild Evrópu árið 2005,“ segir Arnór Björnsson, en hann og vinur hans, Óli Gunnar Gunnarsson, hlutu tvær tilnefningar til Grímuverðlaunanna. Þeir eru höfundar verksins Unglingurinn sem er tilnefnt sem barnasýning ársins ásamt því að þeir Arnór og Óli hlutu tilnefningu sem sproti ársins. „Þetta er svakalega skrítið,“ segir Arnór, sem er fimmtán ára gamall og Óli Gunnar er fjórtán ára.

-glp/Sjá síðu 34

Ný sending komin!
Betri svefn, betri líðan



Öll betri apótek, Hagkaup, Fjarðarkaup, Heimkaup og Lifandi Markaður

Báru- og trapisu ál, margir litir

ALTAK

Fossaleyni 8/Sími: 577 4100/www.altak.is

Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi
og Arnarbakka



Iceland

Viltu prófa eitthvað nýtt?

Viltu fá 50% afslátt af Nicotinell Spearmint?

50%
afsláttur

1. Það sem þú þarft að gera:
Koma með tóman Nicorette eða Nicovel tyggjópakka í næsta apótek.

2. Það sem þú færð í staðinn:
Þú færð 50% afslátt af Nicotinell Spearmint 2 mg eða 4 mg 24 stk pakka.



Skilyrði:

- Hægt er að koma með tóma Nicorette og Nicovel pakka í öll apótek.
- Hægt er að skila inn öllum tegundum, styrkleikum og pakkningastærðum af Nicorette og Nicovel til að fá afsláttinn. Pakki á móti pakka.
- Pakkinn sem er skilað má ekki vera útrunninn. Ath. dagsetning á pakkningu.
- Aðeins einstaklingar 18 ára og eldri geta tekið þátt.
- Afslátturinn gildir aðeins fyrir Nicotinell Spearmint og aðeins fyrir 24 stk pakkningu, bæði 2 mg og 4 mg pakka.
- Gildir ekki í almennum verslunum. Gildir 1.-30. júní 2014

Nicotinell®

Nicotinell Spearmint 2 mg og 4 mg lyfjatyggigúmmi. Inniheldur nikótín. Ábendingar: Til meðferðar á tobaksfíkn en lyfið dregur úr nikótínþörf og fráhrarfseinkennum og það auðveldar þar með reykingarfólki sem vill hætta að reykja, að hætta og auðveldar þeim sem ekki geta hætt, eða eru tregir til þess, að draga úr reykingum. Skammtar fyrir fullorðna 18 ára og eldri: Skammta skal ákvarða út frá því hversu háður nikótíni einstaklingurinn er. Mælt er með 4 mg lyfjatyggigúmmi fyrir einstaklinga með mikla nikótínþörf og fyrir þá sem ekki hefur tekist að hætta með notkun 2 mg lyfjatyggigúmmis. Ef þú reykir fleiri en 30 sigarettur/sólarhring má miða við notkun 4 mg, 20-30 sigarettur/sólarhring er miðað við 2 eða 4 mg eftir þörf en ef reykt er minna en 20 sigarettur á sólarhring er æskilegt að nota 2 mg. Ef þú færð aukaverkanir við notkun stærri skammtisins (4 mg lyfjatyggigúmmi), skaltu ihuga minni skammt í staðinn. Tyggja skal eitt stk við reykingabörf þar til finnst sterkt bragð. Þá skal láta það hvíla milli kinnar og tannholds. Þegar sterka bragðið minnkar skal tyggja aftur. Þetta skal endurtaka í 30 mín. Venjuleg notkun er 8-12 stk, þó ekki fleiri en 15 stk af 4 mg og 25 stk af 2 mg lyfjatyggigúmmi á sólarhring. Meðferðarlengd er einstaklingsbundin en skal í flestum tilfellum standa í a.m.k. 3 mánuði, skal þá draga smám saman úr notkun lyfjatyggigúmmisins. Meðferð skal hætt þegar neyslan er komin niður í 1-2 lyfjatyggigúmmi á sólarhring. Venjulega er ekki mælt með notkun lyfsins lengur en í eitt ár. Sumir, sem eru hættir að reykja, getu þó þurft lengri meðferð til þess að forðast að byrja aftur að reykja. Geyma skal afgang lyfjatyggigúmmi þar sem reykingabörf getur skyndilega komið upp aftur. Ráðgjöf getur auknið líkurnar á því að reykingafólk hætti að reykja. Nota má lyfið til að lengja reyklus tímabil og draga þannig úr reykingum. Ef ekki hefur dregið úr fjölda sigarettanna á sólarhring eftir 6 vikur skal leita faglegrar ráðgjafar. Reykingum skal hætt um leið og einstaklingurinn er reiddubúin til þess, þó ekki síðar en eftir 6 mánaða meðferð. Leita skal faglegrar ráðgjafar ef ekki hefur tekist að hætta reykingum eftir 9 mánaða meðferð. Frábendingar: Ofnæmi fyrir nikótíni eða einhverju hjálparefnum, reykleysi. Ráðfærðu þig við lækni eða lyfjafæðing þvi ekki er vist að þú megir nota lyfið ef þú ert þunguð eða með barn á brjósti, hefur nýlega fengið hjartabilun eða hjartastopp, ert með hjarta- eða æðasjúkdóm, of háan blóðþrýsting, sykursýki, óvirkkan skjaldkirtil/nýrnahettur, magasár eða verulega skerta nýrna- og/éða lífrarstarfsemi eða ef þú ert yngri en 18 ára. Einstaklingum með gervitennur og þeim sem eiga í erfiðleikum með að tyggja tyggigúmmi er ráðlagt að nota önnur lyfjafarm nikótínlyfja. Sjúklingar með arfgenget frúktósaóþol skulu ekki nota lyfið. Athuga ber að lyfið inniheldur natríum og bütýlhýdroxýtölúen (E321). **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Sjá notkunarlýðbeiningar í fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.** Jafnvel lítið magn af nikótíni er hættulegt börnum og getur valdið alvarlegum einkennum eða dauða. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare A/S. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurláun 12a, 210 Garðabæ

Veði LAGERINN outlet

MARKAÐUR MEÐ ÓDÝRAR OG ELDRI VEIÐIVÖRUR Í ALLT SUMAR

FLUGULÍNUR FRÁ AÐEINS

2.995,-

ÓDÝRT



Mikið úrval!

VEIÐIVESTI

FRÁ 1.995,-

TILBOÐ



VESTI Á MYND KR. 4.995,-

VERÐ FRÁ 299,-

ÓDÝRT



SPÚNAR
Frábært úrval.



BEITAN Í VEIÐIFERÐINA
ORMAR OG MAKRÍLL

AÐEINS FRÁ 14.995,-

TILBOÐ



ÖNDUNARVÖÐLUR
Mikið úrval!

AÐEINS 12.995,-

ÓDÝRT



DAM TASLAN VÖÐLUR

AÐEINS 16.995,-

ÓDÝRT



RON THOMPSON
NEOPRENVÖÐLUR

VERÐ FRÁ 4.995,-

TILBOÐ



FLUGUHJÓL
Gott úrval.

AÐEINS FRÁ 9.995,-

TILBOÐ



VATNSHELDIR
VEIÐIJAKKAR

PAKKA
TILBOÐ



VEIÐISTANGASETT

ÓDÝRAR VEIÐITÖSKUR



VERÐ FRÁ 4.995,-

ÓDÝRT



KASTHJÓL
- í miklu úrvali.

AÐEINS 9.995,-

ÓDÝRT



RON THOMPSON
BARNAVÖÐLUR

TILBOÐ

VERÐ FRÁ 8.995,-

VÖÐLUSKÓR
Ýmsar gerðir.



AÐEINS 3.895,-

ÓDÝRT



VEIÐIKASSAR
Bleikir, bláir og grænir.

FRÁ 4.995,-

TILBOÐ




KASTSTANGIR
Mikið úrval!



TILBOÐ

FLUGUSTANGIR Í ÚRVALI
Mikið úrval!



FRÁBÆRT VERÐ 895,-

ÓDÝRT



LETINGJAR

KRÓKHÁLSI 4 - SÍMI 517 8050 - MÁN. TIL FÖS. - 9 TIL 18 OG LAU. - 10 TIL 16



VEISTU SVARIÐ?



1. Hvað heitir biskup kaþólsku kirkjunnar á Íslandi?
2. Hver er formaður Þingvallanefndar?
3. Hvaða Íslendingur er tilnefndur til búlgörsku tiskuverðlaunanna?

SVÖR
 3. Elínor Lindal, eigandi tiskuhússins Ellu.
 2. Steinn Magnúsdóttir.
 1. Pétur Birtcher.

Áhyggjur af hversu lítið er af smáhumri en stofninn mældist í meðallagi stór í nýjum leiðangri: Humar breiðist út og stækkar heimkynni sín

HAFRANNSÓKNIR Hafrannsóknastofnun segir áhyggjuefni hversu lítið fékkst af smáum humri í nýafstöðnum árlegum humarleiðangri.

Svo virðist sem útbreiðslusvæði humars hafi farið stækkandi vestur af landinu með hækkandi hitastigi, en haustið 2012 veiddist humar í fyrsta sinn í Ísafjarðardjúpi sem talinn er hafa borist þangað með náttúrulegum hætti.

Stofnvísitala humars mældist rétt undir meðaltali síðasta aldarfjórðungs og hefur farið lækkandi eftir metmælingu árið 2008. Alls voru gerðar mælingar á 55 stöðvum frá Jökuldjúpi austur í Lónsdjúpi.

Í frétt Hafró segir að tog hafi verið tekið á

→ Stofnvísitala humars mældist rétt undir meðaltali síðasta aldarfjórðungs og hefur farið lækkandi eftir metmælingu árið 2008.

nýjum slóðum þar sem veiði á humri tekur nú til nýrra svæða. Veiddust um 70 tonn í Grindavík-urdrýpi í fyrirasumar, þar sem ekki voru gjöful mið áður.

Síðar í sumar á að fara í Kolluál, úti fyrir Snæfellsnesi, til að kortleggja útbreiðslusvæði humars, sem hefur fengist þar í auknum mæli sem meðafli.



HUMARVINNSLA Staða stofnsins er bærileg en áhyggjur eru af magni smáhumars. MYND/ÓSKAR



VIÐ JÖKULSÁRLÓN Sigling á jökullónum er aðdráttarafli fyrir ferðamenn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Geta ekki úrskurðað í samræmi við lög

Bæjarstjórn Fljótshálsa segir algerlega óviðunandi að þurfa að bíða í heilt ár eftir úrskurði í kærumáli tengdu hæð vatnsborðs Lagarfljóts í kjölfar Kárahnjúka-virkjunar. Ómöguleiki að uppfylla lög um frest, segir formaður úrskurðarnefndar.

UMHVERFISMÁL „Bæjarstjórn telur algerlega óásættanlegt að opinber úrskurðarnefnd sjái sér ekki fært að fara að fyrirætlum laga í starfsemi sinni,“ segir bæjarstjórn Fljótshálsa sem sættir sig ekki við málshraða hjá úrskurðarnefnd umhverfis- og auðindamála. Fréttablaðið sagði frá því í lok apríl að bæjarstjórnin ákvað að kæra Orkustofnun fyrir að neita að taka upp aftur mál Fljótshálsa um skilmála virkunarleyfa Kárahnjúka- og Lagarfossvirkjunar vegna meira vatnsmagns í Lagarfljóti en ráð hafi verið gert fyrir og tjóns af því.

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðindamála segir að jafnvel þótt nefndin hafi lögum samkvæmt þrjú til sex mánuði til að kveða upp úrskurð telji hún sér ekki fært að ljúka málinu innan árs frá móttöku kærunnar.

Nanna Magnadóttir, forstöðumaður úrskurðarnefndar auðlinda- og umhverfismála, segir skýringuna á málshraðanum þá að málum hafi fjölgað umfram áætlanir og mannskapur hafi sömuleiðis verið minni en gert hafi verið ráð fyrir þegar nefndin var stofnuð 1. janúar 2012.

„Það eru samlegðaráhrif af þessum ástæðum sem valda því að málsmeðferðartíminn er kominn langt út fyrir lögmatan afgangstíma,“ segir Nanna sem aðspurð jatar því að margir málsaðilar séu ósáttir við þessa stöðu. „Fólk býst eðlilega við að fá afgreiðslu sinna mála innan þeirra fresta sem lög mæla fyrir um. En þetta er bara staðan eins og hún er og það er bara



LAGARFLJÓT Meira vatnsmagn í Lagarfljóti eftir Kárahnjúkavirkjun en ráð var fyrir gert veldur tjóni og setur spurningarmerki við starfsleyfi virkunarinnar segir bæjarstjórn Fljótshálsa.

ákveðinn ómöguleiki fyrir okkur að vinna hraðar án þess að eitthvað annað komi til.“

Nefndin hefur óskað eftir auknu fjármagni. „Við erum að biðja um fjárveitingu til að ráða þrjú starfsmenn tímabundið í eitt ár til að vinna bug á málalaganum. Það eru hátt í tvö hundruð mál sem bíða afgreiðslu,“ segir forstöðumaður úrskurðarnefndarinnar.

„Kærendur hafa að jafnaði ríka hagsmuni af því að fá úrskurði í sínum málum og krefst bæjarráð þess að yfirvöld sjái til þess að lögum verði fylgt í þessu máli sem og öðrum,“ undirstrikar bæjarstjórn Fljótshálsa.

Eins og fram kemur á forsíðu blaðsins segir Sigurður Ingi

Leyfi fyrir náttúruferlu: Fjallsárlón ehf. fékk Fjallsárlón

FERÐAÞJÓNUSTA Þrjú fyrirtæki sóttu um leyfi til að nýta landsvæði í Fjallsárlóni. Bæjarráð Hornafjarðar ákvað að veita fyrirtækinu Fjallsárlón ehf. leyfið.

Fram kemur í fundargerð bæjarráðs að fyrirtækin Hvítárvatn ehf. og Ice lagoon ehf. hafi einnig sótt um og bæjarráð hafi talið allar umsóknirnar uppfylla skilyrði sem sett voru. „Umsókn Fjallsárlóns ehf. lýsir vel og ítarlega áformum og hugmyndum fyrirtækisins um metnaðarfulla starfsemi,“ segir í ákvörðun bæjarráðs. Leyfið gildir frá 2. júní og út október á þessu ári.

Nýjar reglur í Danmörku: Tvöfaldur ríkisborgararéttur

DANMÖRK Danir sem flytja úr landi þurfa ekki að afsala sér ríkisborgararétti þótt þeir vilji gerast ríkisborgarar í öðru landi. Hið sama á við þá sem flytja til Danmerkur. Þeir þurfa ekki að afsala sér fyrri ríkisborgararétti til þess að fá danskan.

Fyrirhugað er að þessar nýju reglur taki gildi næsta sumar. Danir sem þegar hafa afsalað sér dönskum ríkisborgararétti geta innan fimm ára eftir að reglurnar taka gildi fengið hann á ný.

Gervigreindarforrit gabbar: Turing-prófið loks unnið

TEKNI Í fyrsta sinn tekst manngerðri gervigreind að standast hið fræga Turing-próf.

Forritarar frá Rússlandi og Úkraínu skrifuðu forritið, sem ber nafnið „Eugene Goostman“, en Eugene segist vera 13 ára úkraínskur strákur.

Prófið gengur svo fyrir sig að hópur fólks rabbar við gervigreindina gegnum netspjall, og metur svo eftir á hvort það hélt viðmælanda sinn mannlegan eða forritaðan.

Ef þriðjungur þáttakenda telur gervigreindina mennska telst hún standast prófið.



LÖGREGLUSTÖÐ Lögregla átti annrkan dag í gær, en alls voru átta innbrot og rán tilkynnt á höfuðborgarsvæðinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Þjófar fara mikinn í Reykjavík: Innbrot um allan bæ

SAKAMÁL Lögreglan átti erilsaman vinnudag í gær, en alls var tilkynnt um átta innbrot og þjófnaði úr vesturbæ og austurbæ Reykjavíkur, sem og úr Kópavogi.

Afbrotin voru öll tilkynnt á sex klukkustunda tímabili.

Í Vesturbænum var lögreglu tilkynnt um þjófnað í verslun, en einng voru framin tvö innbrot og stolið var úr bíl.

Í Austurbænum var tilkynnt um innbrot og þjófnað úr sam-eign fjölbýlishúss.

Í Kópavogi var lögreglu gert viðvart um að þvottí hefði verið stolið úr þvottahúsi.



Það er bara ákveðinn ómöguleiki fyrir okkur að vinna hraðar án þess að eitthvað annað komi til.

Nanna Magnadóttir, forstöðumaður úrskurðarnefndar auðlinda- og umhverfismála.

Jóhannsson, umhverfisráðherra stöðuna óásættanlega. Hann hyggst leggja fram frumvarp á Alþingi í haust um auknar fjárveitingar til úrskurðarnefndarinnar.

gar@frettabladid.is

TJALDAÐU

EKKI TIL EINNAR NÆTUR

FRÁBÆRT ÚRVAL AF TJÖLDUM Í GLÆSIBÆ

HIGH PEAK COMO
37.990 / 44.990 KR.
4 og 6 manna traust fjölskyldutjald

HIGH PEAK ANCONA
59.990 KR.
5 manna þægilegt fjölskyldutjald

HIGH PEAK CAVE
26.990 KR.
2 manna þægilegt göngutjald

THE NORTH FACE TALUS 3
64.990 KR.
3 manna létt og rúmgott göngutjald

UTILÍF

GLÆSIBÆ
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
utilif.is




Síminn

Nýttu þér fjölbreyttari þjónustu og sterkara samband í sumar

siminn.is

Nýttu þér möguleikana hjá Símanum þegar þú flytur að heiman

Þegar flutt er að heiman í fyrsta skipti er hægt að setta sig við ýmislegt. En það er algjör óþarfi að setta sig við lélegt samband. Hjá Símanum færðu kraftmikla nettengingu, talar endalaust og sendir endalaust mörg SMS með nýju GSM Snjallþökkunum. Svo sér Spotify um tónlistina og þú nýtur allra kostanna sem Sjónvarp Símans færir þér, bæði heima og í snjalltækjunum. Nýttu þér fjölbreytta þjónustu og hafðu nýju íbúðina þína í sterkara sambandi með Símanum.



ÁSTAND
HEIMSINS

1 HITABYLGJA Í PAKISTAN Drengur stekkur út í síki í Lahore í Pakistan, þar sem hitinn komst upp í 46 gráður í gær og fólk notfærði sér vatnið til að kæla sig. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



2 EYÐIMERKURHÁTÍÐ Í ÍSRAEL Líkneski úr tré brenna ljósum logum á eyðimerkurhátíð, sem haldin var í Ísrael um helgina að bandarískri fyrirmynd. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



3 ÁTÖK Í AFGANISTAN Afganskur hermaður hjá herbifreið frá NATO, sem brann eftir átök við talibana í útjaðri borgarinnar Djalalabad. NORDICPHOTOS/AFP



5 DANSAR Á NORMANDÍ-STRÖND Frakklands Afkomandi comanche-manna, sem börðust með Bandaríkjaher í seinni heimsstyrjöldinni, tók þátt í hátíðarhöldum í Frakklandi til minningar um innrásina í Normandí fyrir 70 árum. NORDICPHOTOS/AFP



4 EYÐILEGGING Í ÍRAK Íbúar í einu úthverfa Bagdad virða fyrir sér eyðileggingu eftir bílasprengju, sem sprakk þar á laugardagskvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

SIMPLY CLEVER

ŠKODA



UPPLIFÐU RÝMI



Nýr ŠKODA Rapid Spaceback

Nýstárlegt og glæsilegt útlitið kemur á óvart, en þú verður fyrst verulega hissa þegar þú kemur inn í bílinn og finnur hversu rúmgóður hann er. Fóta- og höfuðrýmið í þessum fyrsta hlaðbaki sinnar tegundar frá Škoda er nefnilega það mesta sem fyrirfinnst í þessum stærðarflokki bíla. Skyggða sóllúgan, sem hægt er að fá sem aukabúnað, og stór afturrúðan auka svo enn frekar á frelsistilfinninguna. Þegar við þetta bætast allar góðkunnu „Simply Clever“ lausnirnar frá Škoda er útkoman bíll sem á engan sinn líka. Sestu inn og njóttu þess að láta fara vel um þig.

Nýr ŠKODA Rapid Spaceback kostar aðeins frá:
3.080.000,-

m.v. ŠKODA Rapid Spaceback 1.2TSI, 86 hestöfl, beinskiptur.



Eyðsla frá 4,4 l/100 km



CO₂ frá 114 g/km



5 stjörnur í árekstrar-
prófunum EuroNcap

TILBOÐ

7 SKÜFFUR

PRO PLUS SERIA ■■■■■■

282 verkfæri 199.900 m/vsk

TOPP,- OG BITASETT 72 STK

Toppar 1/4" 4 - 14 mm
Djúpir toppar, bitatoppar
Sexkantasett og fl.
Sterk stáltaska

vnr IBTGCA07202

11.900 m/vsk
Fullt verð 18.231



TOPP,- OG BITASETT 94 STK

1/4" 4 - 14 mm
1/2" 10 - 32 mm
Bítar og fl.
Sterk plasttaska

vnr IBTGCA1094R

14.900 m/vsk
Fullt verð 25.231



VERKFÆRASETT 80 STK

Toppar 1/4" og 1/2" 4 - 32mm
Fastir lykklar 8 - 19mm
Djúpir toppar, bítar, tangir og skrufjárn.
Sterk plasttaska

vnr IBTGCA18002

21.900 m/vsk
Fullt verð 35.058



VERKFÆRASETT 96 STK

Toppar 1/4" - 1/2" 4 - 32 mm
Toppar, lykklar, skrufjárn, tóng
Nippilyklar og fl.
Sterk plasttaska

vnr IBTGCA19601

22.900 m/vsk
Fullt verð 37.200



VERKFÆRASETT 130 STK

1/4" - 3/8" - 1/2"
Toppar 4 - 32 mm | 5/32" - 1 1/4"
Lykklar 8 - 22 mm
E toppar, sexkantbítar og fl.
Sterk plasttaska

vnr IBTGCA1130B

24.900 m/vsk
Fullt verð 37.900



VERKFÆRASETT 150 STK

Toppar 1/4" - 1/2" 4 - 32 mm
Fastir lykklar 6 - 24mm,
Skrufjárn, tangir, sexkantasett
Slaghamar, krafttóng
Nippilyklar og fl.

vnr IBTGCA1150R

39.900 m/vsk
Fullt verð 49.900



8 SKÜFFUR

PRO PLUS SERIA ■■■■■■

322 verkfæri 239.900 m/vsk

7 SKÜFFUR

SÁ VINSÆLI ■■■■■■

323 verkfæri 179.900 m/vsk

SKRÚFJÁRNSETT 21 STK

3.900 m/vsk
Fullt verð 5.112



OLÍUSÍUTANGIR

FRÁ

1.269 m/vsk



SKRALLSETT PRO 12 STK

Sterkur taupoki
72 tanna Pro lykklar
Stærðir 8 - 19mm

vnr IBTGPAQ1202

16.900 m/vsk
Fullt verð 25.900



FRÁBÆRT VERÐ Á VERKFÆRUM

Kolvetrnaskert, próteinríkt og fitulaust

Hentar
fyrir LKL
mataræði



Skýr.is

Tækifæri fyrir skordýraá hugafólk á fimmtudaginn:

Boðið í skordýraleit

NÁTTÚRA Áhugafólk um skordýr getur á fimmtudagskvöld kynnst heimi þeirra í návígi. Þá munu tveir prófessorar við Háskóla Íslands leiða göngu í Elliðaárdal.

„Skordýr eru án efa fjölbreyttasti flokkur dýra á jörðinni og á Íslandi hefur skordýrum fjölgað undanfarin ár,“ segir í tilkynningu þar sem áhugasamir eru hvattir til að mæta klukkan sjö við Rafstöðina við Elliðaár. „Göngumenn eru hvattir til að taka með sér stækkunargler.“



ELLIÐAÁRDALUR Margt býr undir laufinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



EIGA RÉTT Á UPPLÝSINGUM Samkvæmt álitni úrskurðarnefndar upplýsingamála á menntamálaráðuneytið að láta af hendi upplýsingar um útgefin leyfisbréf til kennara. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ráðuneytið tapaði fyrir nemendum

Úrskurðarnefnd upplýsingamála telur að menntamálaráðuneytinu beri að láta af hendi upplýsingar um útgefin leyfisbréf til kennara. Um eitt hundrað kennaranemar telja að menntamálaráðuneytið hafi mismunað nemum við útgáfu starfsleyfa.

MENNTAMÁL Samkvæmt niðurstöðu úrskurðarnefndar upplýsingamála verður menntamálaráðuneytið að gefa upplýsingar um útgefin leyfisbréf til kennara frá og með 1. janúar 2012 til 21. febrúar 2014.

Ráðuneytið hafði fyrr á árinu hafnað því að veita þessar upplýsingar.

Eins og komið hefur fram í Fréttablaðinu telja um 100 kennarar sem luku þriggja ára kennaranámi á tímabilinu 2009 til 2012 að menntamálaráðuneytið hafi brotið gróflega á þeim við útgáfu starfsleyfa til kennara.

Á sama tíma og þeim var synjað um starfsleyfi fékk hópur skólafélaga þeirra með sömu menntun og próf starfsleyfi útgefið af menntamálaráðuneytinu.

Hópurinn krafðist þess að ráðuneytið veitti aðgang að upplýsingum um öll leyfisbréf kennara sem ráðuneytið hafði gefið út á grundvelli laga um menntun og ráðningu kennara frá 2008 en eins og áður sagði hafnaði ráðuneytið því.

Í svari frá ráðuneytinu til

úrskurðarnefndarinnar kemur fram að umbeðnar upplýsingar sem óskað sé eftir liggja ekki fyrir á aðgengilegan hátt í gagnagrunnum – það verði að finna þær í skjalasafni ráðuneytisins.

Í álitni úrskurðarnefndar um upplýsingamál segir að kærendur hafi lagt inn kvörtun til umboðsmanns Alþingis vegna málsins. Í álitinu segir enn fremur að verði fallist á það með ráðuneytinu að heimilt sé að sé synja um aðgang að upplýsingum um útgefin leyfisbréf sé kærendum ekki gert mögulegt að staðreyna grun sinn um mismunum við útgáfu starfsleyfa.

Menntamálaráðuneytið taldi að það útheimti of mikla vinnu að láta umbeðnar upplýsingar af hendi en nefndin telur að það hafi ekki verið heimilt að synja beiðni hópsins á þeim grundvelli.

Þá leggur úrskurðarnefndin fyrir ráðuneytið að taka málið til nýrrar meðferðar og taka efnislega afstöðu til þess hvort heimilt sé eða skylt á grundvelli annarra ákvæða upplýsingalaga að afhenda hópnunum hin umbeðna gögn.

johanna@frettabladid.is

Misbrestur á framkvæmd laganna

Um 100 kennarar telja að það hafi verið brotið á þeim við útgáfu leyfisbréfa af hálfu mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Nemendurnir útskrifuðust frá Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri og Háskólanum í Reykjavík. Árið 2008 voru sett ný lög um kennaranám. Nýju löggin áttu að gilda um alla þá sem hæfu nám eftir gildistöku laganna og áttu þeir að ljúka fimm ára námi til að fá starfsleyfi sem kennarar. Hópurinn telur að það hafi orðið misbrestur á framkvæmd laganna.

Athugið! Eigendur dísilbíla

LIQUI
MOLY



Dísilökutækjum í borgarakstri er sérstaklega hætt við stíflu í sótagnasíu.

Sótagnasíuhreinsirinn frá Liqui Moly (vörunr. LM7180) er mjög virkt efni sem dregur úr myndun sótagna og lengir þannig endingu sótagnasíu dísilvéla.

Sótagnasíuhreinsirinn frá Liqui Moly tryggir fullkominn bruna eldsneytisins og dregur úr myndun sótagna.

Dregur einnig úr
útblástursmengun

 **Stilling**

Stilling hf. | Sími 520 8000 | stilling.is | stilling@stilling.is

Ábendingahnaappinn má
finna á www.barnaheill.is



S A F T



AD STÖRFUM Sumarstarfsmaður í Yndisgarðinum sem er í Fossvoginum.

600 ráðnir í Kópavogi: Allir fengu sumarstarf

ATVINNUMÁL Tæplega 600 sumarstarfsmenn 18 ára og eldri hafa hafið störf hjá Kópavogsbæ. Flestir vinna við garðyrkju, hirðingu og fegrun bæjarins en sumarstarfsmenn sinna einnig afleysingum á ýmsum vinnustöðum, til dæmis á leikskólum og í sundlaugunum.

Allir sem sóttu um starf hjá bænum fengu boð um starf og er verið að vinna í að ljúka við að bjóða þeim starf sem hafa verið að bætast í hóp umsækjenda undanfarna daga. Í næstu viku hefur Vinnuskólinn svo göngu sína en gert er ráð fyrir tæplega 1.000 ungmennum á aldrinum 14 til 17 ára í honum. Þau vinna aðallega við fegrun Kópavogsbæjar. -fb



SAMSTARF Frá vinstri: Hólmfríður Skarphéðinsdóttir, oddviti D-listans, Ólafur Þór Ólafsson, oddviti S-listans, og Sigrún Árnadóttir bæjarstjóri.

MYNDJÓN BEN EINARSSON

Samkomulag í Sandgerði: Sigrún áfram bæjarstjóri

SVEITARSTJÓRNARMÁL S-listi Samfylkingarinnar og óháðra borgara og D-listi sjálfstæðismanna og óháðra hafa gert með sér samkomulag um samstarf í meirihluta bæjarstjórnar Sandgerðisbæjar kjörtímabilið 2014-2018.

Listarnir, sem hlutu fjóra af sjö bæjarfulltrúum í sveitarstjórnarkosningunum, hafa komist að samkomulagi um að Sigrún Árnadóttir verði áfram bæjarstjóri Sandgerðisbæjar, Ólafur Þór Ólafsson verði forseti bæjarstjórnar og Hólmfríður Skarphéðinsdóttir formaður bæjarráðs. Stefnt er að því að fyrsti bæjarstjórnarfundur nýs kjörtímabils verði 18. júní og þar verður sameiginleg málefnafrýning listanna lögð fram. -fb

Úrslit í samkeppni hjá HÍ: Enginn hreppti fyrsta sætið

SAMKEPPNI Úrslit í hugmynda-samkeppni um skipulag háskóla-svæðisins voru kynnt á Háskólatorgi.

Sex tillögur bárust og var þátt-taka mun minni en búist var við.

Tvær tillögur voru valdar og skipta þær með sér 2. og 3. verðlaunum. Þær þóttu hvorug gera áherslum dómnefndar fullnægjandi skil og því lenti hvorug þeirra í fyrsta sæti. VA arkitektar áttu aðra tillöguna en hina áttu ASK arkitektar. Í báðum tillög- unum sést að hægt er að koma umtalsverðu byggingarmagni fyrir á svæðinu. Háskóli Íslands hefur því möguleika á að vaxa á þessum stað en stofnanir og fyrirtæki á svæðinu gætu jafn- fram notið sín. -fb

Akurnesingar ósáttir við ákvörðun innanríkisráðuneytis um að lögreglustjóri Vesturlands verði í Borgarnesi:

Vilja fá lögreglustjóraembættið á Skagann

AKRANES Bæjarráð Akraneskaupstaðar mótmælir harðlega þeim hugmyndum sem liggja fyrir hjá innanríkisráðuneytinu um staðsetningu höfuðstöðva sýslu- manns- og lögreglustjóraembættis á Vesturlandi. Hvorki er gert ráð fyrir að lögreglustjóri né sýslu- maður verði staðsettur á Akra- nesi.

Í hugmyndum ráðuneytis- ins um væntanlegar breytingar á starfsemi lögreglu- og sýslu- mannsembættis er gert ráð fyrir

að aðsetur sýslumanns verði í Stykkishólmi og aðsetur lögreglu- stjóra í Borgarnesi.

Akranes er langfjölmennasti byggðarkjarninn á Vesturlandi með tæplega 7.000 íbúa og að auki er Grundartangi í næsta nágrenni við kaupstaðinn og þar eru á annað þúsund manns daglega við störf. Auk þess eru tvær hafnir með mikla starfsemi á svæðinu.

Akraneskaupstaður gerir kröfu um að lögreglustjóraembættið, hið minnsta, verði staðsett á Akra-

nesi. Langfjölmennasta lögreglu- liðið á Vesturlandi er á Akranesi, þar er eina lögreglustöðin á svæð- inu með sólarhringsvakt enda er málafjöldinn langmestur þar.

Miðlæg rannsóknardeild fyrir allt Vesturland hefur verið stað- sett á Akranesi frá árinu 2007 þar sem byggst hefur upp mikil sér- þekking og nauðsyn þess að hafa yfirstjórn lögreglu og rannsókn- ardeild á sama stað er augljós og öllum kunn, segja Akurnesingar.

-jme



NÝTT SKIPULAG Akurnesingar eru andsnúnir hugmyndum innanríkisráðu- neytisins um að sýslumaður Vesturlands verði í Stykkishólmi og lögreglustjórinn í Borgarnesi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

SIEMENS

Sigurgangan heldur áfram!

www.sminor.is

Í könnun Neytendablaðsins, 1. tbl. 60. árg. mars 2014, fékk Siemens uppþvottavélin SN 45M231SK bestu einkunn.

Sænska neytendablaðið Råd & Rön gerði úttekt á uppþvottavélum frá ýmsum framleiðendum og kom Siemens uppþvottavélin SN 45M231SK best út. Þetta er fjórða árið í röð sem Siemens uppþvottavél hlýtur fyrsta sætið*. Vélin fær topp-einkunn fyrir þurrkhæfni, þökk sé einstakri nýjung: zeolite-þurrkun, sem skilar sérlega þurru og glitrandi hreinu leirtaui. Frekari upplýsingar um þessa uppþvottavél er að finna á heimasíðu okkar, www.sminor.is.

*SN 45M203SK, Råd & Rön, 8. tbl. 2010; SN 45M206SK, Testfakta, 16.9. 2011 (www.testfakta.se); SN 45M205SK, Råd & Rön, 4. tbl. 2012; SN 45M231SK, Råd & Rön, 3. tbl. 2013.

Råd & Rön
HÆSTA EINKUNN

April 2013

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

Feðgin í hár saman: Sakar dóttur sína um svik

FRANKLAND Jean-Marie Le Pen, hinn aldni stofnandi Þjóðarfylkingarinnar í Frakklandi, segir það jaðra við svik að dóttir sín saki sig um að hafa gert pólitísk mistök.

Dóttirin Marine, sem nú er leiðtogi flokksins, segir föður sinn hafa gengið of langt í öfgum þegar hann hótaði andstæðingum flokksins að stinga þeim í gasofn.

Flokkur þeirra hefur gert út á útlendingahræðslu og vann mikinn sigur í kosningum til Evrópuþingsins nýverið.

-gb

Tveir hlutu ævilangt fangelsi og þrjú aðrir tólf til tuttugu ár fyrir morðið á Önnu Politkovsköju: Fjölskylda hinnar myrtu leitar enn svára

RÚSSLAND Rustam Makhmudov var í gær dæmdur til ævilangs fangelsis fyrir morðið á blaðakonunni Önnu Politkovsköju haustið 2006. Sannað þótti að hann hefði hleypt af skotinu sem varð henni að bana í lyftunni í fjölbýlishúsi í Moskvu, þar sem hún bjó.

Frændi hans, Lom-Ali Gaitukajev, fékk einnig ævilangt fangelsi fyrir að hafa skipulagt bana-tilræðið. Tveir af bræðrum Makhmudovs voru svo dæmdir í tólf og 14 ára fangelsi fyrir aðild

að morðinu, en fyrrverandi lögregluáður í Moskvu, Sergei Khadsjikurbanov að nafni, hlaut 20 ára fangelsi.

Réttarhöldin hafa ekki leitt í ljós neitt um tilefni morðsins eða hvort mennirnir hafi verið fengnir til þess að fremja verkið.

Blaðakonan Politkovskaja hafði í blaðgreinum og bókum ítrekað gagnrýnt Vladimir Pútín forseta fyrir framferði stjórnar hans í Tsjetsjeníu. Hún hafði meðal annars sakað Pútín og stjórn hans um

gróf mannréttindabrot í Tsjetsjeníu.

Makhmudov-bræðurnir eru allir frá Tsjetsjeníu og Gaitukajev sómuleiðis.

Fjölskylda Politkovsköju hefur sagt að áfram verði reynt að fá stjórnvöld til þess að komast til botns í málinu.

„Fyrir okkur er mikilvægast að komast að því hver skipaði fyrir um morðtilræðið,“ hafði rússneska fréttastofan ITAR-Tass eftir Ilja Politkovskí, syni hennar.

-gb



DÆMDIR Bræðurnir Dsjabril og Rustam Makhmudov í réttarsal í Moskvu.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Átök halda áfram í Úkraínu þrátt fyrir boðaðar friðarviðræður:

Sprengjum varpað á Slovjansk

ÚKRAÍNA, AP Stjórnarherinn í Úkraínu skiptist í gær á skotum við uppreisnarmenn, hliðholla Rússum, í borginni Slovjansk sem uppreisnarmenn hafa enn á valdi sínu.

Sprengjum var varpað á borgina, sem ber þess orðið merki að hafa í nærri tvo mánuði verið einn helsti vettvangur átaka milli stjórnarinnar og uppreisnarmanna.

Þetta gerðist þrátt fyrir að Petro Porosjenkó, sem tók við forsetaembættinu á laugardag, hafi skýrt frá því að friðarviðræður séu að hefjast: Fulltrúar Úkraínustjórnar, Rússlands og Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu ætli að hittast daglega í Kænugarði.

Porosjenkó segir að fyrsti fundurinn, sem haldinn var á sunnudag, hafi snúist um að herða eftirlit á landamærum Úkraínu og Rússlands. Úkraínustjórn hefur ekki getað komið í veg fyrir að uppreisnarmenn og stuðningsmenn þeirra valsi fram og til baka yfir landamærin.

Mikhaílo Kovaló, sem fer til bráðabirgða með embætti varnarmálaráðherra í Úkraínu, segir að Porosjenkó stefni að því að binda endi á átökin sem fyrst, en gaf þó ekki upp nein tímamörk.



YFIRGEFA BORGINA Íbúar í Slovjansk halda á brott eftir átök síðustu daga.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Rússar hafa gagnrýnt Úkraínustjórn fyrir að beita hervaldi gegn uppreisnarmönnum í austurhluta landsins, en Úkraínustjórn hefur gagnrýnt Rússa fyrir að stýða uppreisnarmennina og kynda undir ólgunni.



ALPJÓÐAFLUGVÖLLUR Pykkan reykt lagði upp frá flugvöllinum eftir árásið talibana.

NORDICPHOTOS/AFP

Hóta að gera fleiri árásir

Talibanar í Pakistan lýstu yfir ábyrgð á árás á alþjóðaflugvöllinn í Karachi. Árásin stóð yfir í fimm klukkustundir. Árásarmennirnir urðu átján manns að bana.

PAKISTAN, AP Tíu talibanar gerðu árás á alþjóðaflugvöllinn í Karachi í gær. Þetta er fjölfarnasti flugvöllur landsins.

Árásin stóð yfir í fimm klukkustundir. Árásarmennirnir féllu, en þeim hafði tekist að drepa að minnsta kosti 18 manns áður en yfir lauk. Flestir þeirra sem létust voru öryggisverðir eða annað starfsfólk flugvallarins.

Talibanahreyfingin í Pakistan lýsti yfir ábyrgð sinni á árásinni og hótaði fleiri slíkum. Shahidullah Shahid, talsmaður talibana, sagði í símtali við bandarísku fréttastofuna AP að árásum verði haldið áfram þangað til samist hafi við pakistönsk stjórnvöld um varanlegt vopnahlé.

Hótanir um árásir drógu hins vegar mjög úr væntingum manna um að friðarviðræður stjórnvalda við talibana geti hafist á ný.

Pakistanskir talibanar hafa árum saman barist gegn stjórninni í von um að steypa henni af stóli. Það sem helst fer fyrir brjóstið á þeim er að ríkisstjórnin hefur verið vinveitt Bandaríkjunum og átt í margvíslegum samskiptum við Bandaríkin, þrátt fyrir harðar deilur ríkjanna.

Stjórnin í Pakistan hefur verið mjög ósátt við Bandaríkin hafi notað fjarstýrð flugfór, svokallaða dróna, til sprengjuárása sem iðulega verða almennum borgurum að bana.

Árásarmennirnir hófu aðgerðir sínar seint á sunnudagskvöld. Þeir notuðu vélbyssur og sprengjuvörpur. Að minnsta kosti sumir þeirra voru klæddir sem öryggisverðir eða lögreglumenn. Allir báru þeir sprengivesti, og sprungu sum þeirra þegar skotið var á þau.

gudsteinn@frettabladid.is

25% afsláttur af öllum styrkleikum og pakkningastærðum

NÝTT

Nicotinel

Lyf & heilsa við hlustum!

wise
- snjallar lausnir



nau í áskrift

er hlutverk þitt að sjá um bókhaldið?

Fullbúin viðskiptalausn í áskrift
- Microsoft Dynamics NAV

Mánaðarlegt gjald veitir aðgang að einu mest selda bókhaldskerfi landsins ásamt kostnaði við uppfærslu- og þjónustugjöld, hýsingu, afritun á gögnum, öryggisvarnir og SQL gagnagrunn.

Breytilegur fjöldi notenda eftir mánuðum sem lágmarkar kostnað. Kerfinu fylgir rafræn sending reikninga, samskipti við RSK og fleira.

Fjöldi sérlausna í boði fyrir þá sem þurfa aukna virkni.

Kynntu þér lausnina á www.navaskrift.is

Verð frá kr.
11.900
pr. mán. án vsk



wise

Borgartún 26, Reykjavík » Hafnarstræti 93-95, Akureyri
sími: 545 3200 » wise@wise.is » www.wise.is

Microsoft
Dynamics™ NAV

Microsoft Partner
Gold Enterprise Resource Planning
Silver Independent Software Vendor (ISV)



545 3200



navaskrift.is



sala@wise.is

ÞAR SEM ÚRVALIÐ ER MEST

Það er skemmtilegt að skoða og reynsluaka nýjum bíl. Komdu og láttu sölumenn okkar stjarna við þig og fáðu reynsluakstursbílinn jafnvel lánaðan heim að kvöldi.



LEAF NORDIC

FYRIR KALDARI MARKAÐSSVÆÐI

VERÐ: 4.490.000 KR.

KAUPAUKI Í JÚNÍ - HRAÐHLEÐSLUSTÖÐ FYRIR HEIMILIÐ EÐA BÚSTAÐINN SEM HLEÐUR BÍLINN Á 4 TÍMUM FYLGIR NÝJUM LEAF!



10 HRAÐHLEÐSLUSTÖÐVAR

Uppsetningu á 10 nýjum hraðhleðslustöðvum lýkur í sumar í Reykjavík og nágrenni. Þær gera þér kleift að **hlaða LEAF á 30 mínútum þér að kostnaðarlausu.**

Nissan hraðhleðslustöðvarnar eru settar upp í samstarfi við ON



RENAULT CAPTUR

RENAULT CAPTUR DYNAMIC
DÍSIL, SJÁLFSKIPTUR. VERÐ: 3.890.000 KR.
DÍSIL, BEINSKIPTUR. VERÐ: 3.590.000 KR.
3,6 l/100 km



NISSAN JUKE

NISSAN JUKE
DÍSIL, BEINSKIPTUR. VERÐ: 3.490.000 KR.
4,2 l/100 km

FJÖLSKYLDUVÆNIR RENAULT

BÆÐI RENAULT CLIO OG RENAULT MEGANE ERU TIL Í ÚTFÆRSLU FYRIR FJÖLSKYLDUR SEM ÞURFA MEIRA PLÁSS

RENAULT CLIO **SPORT TOURER**, DÍSIL
VERÐ FRÁ: 3.090.00 KR.



TAKTU ÞÁTT Í REYNSLUAKSTURSLEIK Í JÚNÍ

Allir sem fara í reynsluakstur hjá okkur í júní geta skráð sig í pott og átt möguleika á að vinna glæsilegt **50" Samsung Smart** sjónvarp.



BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

WM í FÓTBOLTA

Á RÚV OG STÖÐ 2 SPORT 2 HD

12. JÚNÍ

A	kl. 20.00	Brasilía - Króatía	RÚV
---	-----------	--------------------	-----

13. JÚNÍ

A	kl. 16.00	Mexíkó - Kamerún	RÚV
---	-----------	------------------	-----

B	kl. 19.00	Spánn - Holland	RÚV
---	-----------	-----------------	-----

B	kl. 22.00	Chile - Ástralía	SPORT 2
---	-----------	------------------	---------

14. JÚNÍ

C	kl. 16.00	Kólumbía - Grikkland	RÚV
---	-----------	----------------------	-----

D	kl. 19.00	Úrúgvæ - Kosta Ríka	RÚV
---	-----------	---------------------	-----

D	kl. 22.00	England - Ítalía	SPORT 2
---	-----------	------------------	---------

C	kl. 01.00	Fílabeinsströndin - Japan	RÚV
---	-----------	---------------------------	-----

15. JÚNÍ

E	kl. 16.00	Sviss - Ekvador	RÚV 2
---	-----------	-----------------	-------

E	kl. 19.00	Frakkland - Hondúras	RÚV
---	-----------	----------------------	-----

F	kl. 22.00	Argentína - Bosnía Hers.	SPORT 2
---	-----------	--------------------------	---------

16. JÚNÍ

G	kl. 16.00	Þýskaland - Portúgal	RÚV
---	-----------	----------------------	-----

F	kl. 19.00	Íran - Nígería	RÚV 2
---	-----------	----------------	-------

G	kl. 22.00	Gana - BNA	SPORT 2
---	-----------	------------	---------

17. JÚNÍ

H	kl. 16.00	Belgía - Alsír	RÚV
---	-----------	----------------	-----

A	kl. 19.00	Brasilía - Mexíkó	RÚV
---	-----------	-------------------	-----

H	kl. 22.00	Rússland - Suður Kórea	SPORT 2
---	-----------	------------------------	---------

18. JÚNÍ

B	kl. 16.00	Ástralía - Holland	RÚV
---	-----------	--------------------	-----

B	kl. 19.00	Spánn - Chile	RÚV
---	-----------	---------------	-----

A	kl. 22.00	Kamerún - Króatía	SPORT 2
---	-----------	-------------------	---------

19. JÚNÍ

C	kl. 16.00	Kólumbía - Fílabeinsströndin	RÚV
---	-----------	------------------------------	-----

D	kl. 19.00	Úrúgvæ - England	RÚV
---	-----------	------------------	-----

C	kl. 22.00	Japan - Grikkland	SPORT 2
---	-----------	-------------------	---------

20. JÚNÍ

D	kl. 16.00	Ítalía - Kosta Ríka	RÚV
---	-----------	---------------------	-----

E	kl. 19.00	Sviss - Frakkland	RÚV
---	-----------	-------------------	-----

E	kl. 22.00	Hondúras - Ekvador	SPORT 2
---	-----------	--------------------	---------

21. JÚNÍ

F	kl. 16.00	Argentína - Íran	RÚV
---	-----------	------------------	-----

G	kl. 19.00	Þýskaland - Gana	RÚV
---	-----------	------------------	-----

F	kl. 22.00	Nígería - Bosnía Hers.	SPORT 2
---	-----------	------------------------	---------

22. JÚNÍ

H	kl. 16.00	Belgía - Rússland	RÚV
---	-----------	-------------------	-----

H	kl. 19.00	Suður Kórea - Alsír	RÚV
---	-----------	---------------------	-----

G	kl. 22.00	BNA - Portúgal	SPORT 2
---	-----------	----------------	---------

23. JÚNÍ

B	kl. 16.00	Holland - Chile	RÚV
---	-----------	-----------------	-----

B	kl. 16.00	Ástralía - Spánn	SPORT 2
---	-----------	------------------	---------

A	kl. 20.00	Króatía - Mexíkó	RÚV
---	-----------	------------------	-----

A	kl. 20.00	Kamerún - Brasilía	SPORT 2
---	-----------	--------------------	---------

24. JÚNÍ

D	kl. 16.00	Ítalía - Úrúgvæ	RÚV
---	-----------	-----------------	-----

D	kl. 16.00	Kosta Ríka - England	SPORT 2
---	-----------	----------------------	---------

C	kl. 20.00	Grikkland - Fílabeinsströndin	RÚV
---	-----------	-------------------------------	-----

C	kl. 20.00	Japan - Kólumbía	SPORT 2
---	-----------	------------------	---------



12. JÚNÍ - 13. JÚLÍ



FIFA WORLD CUP Brasilía

25. JÚNÍ

F	kl. 16.00 Nígería - Argentína	RÚV
F	kl. 16.00 Bosnía Hers. - Íran	SPORT 2
E	kl. 20.00 Hondúras - Sviss	RÚV
E	kl. 20.00 Ekvador - Frakkland	SPORT 2

26. JÚNÍ

G	kl. 16.00 Portúgal - Gana	RÚV
G	kl. 16.00 BNA - Þýskaland	SPORT 2
H	kl. 20.00 Alsír - Rússland	RÚV
H	kl. 20.00 Suður Kórea - Belgía	SPORT 2

28. JÚNÍ

kl. 16.00	16 liða úrslit	RÚV
kl. 20.00	16 liða úrslit	RÚV

29. JÚNÍ

kl. 16.00	16 liða úrslit	RÚV
kl. 20.00	16 liða úrslit	RÚV

30. JÚNÍ

kl. 16.00	16 liða úrslit	RÚV
kl. 20.00	16 liða úrslit	RÚV

1. JÚLÍ

kl. 16.00	16 liða úrslit	RÚV
kl. 20.00	16 liða úrslit	RÚV

4. JÚLÍ

kl. 16.00	8 liða úrslit	RÚV
kl. 20.00	8 liða úrslit	RÚV

5. JÚLÍ

kl. 16.00	8 liða úrslit	RÚV
kl. 20.00	8 liða úrslit	RÚV

8. JÚLÍ

kl. 20.00	Undanúrslit	RÚV
-----------	-------------	-----

9. JÚLÍ

kl. 20.00	Undanúrslit	RÚV
-----------	-------------	-----

12. JÚLÍ

kl. 20.00	3. sætið	RÚV
-----------	----------	-----

13. JÚLÍ

kl. 19.00	Úrslitaleikur	RÚV
-----------	---------------	-----



RÚV

- annað og meira



SPORT 2

HD

Grundvallaratriði og hentistefna:

Hlutverk fjölmiðla

Fyrir um nú árum birti danska dagblaðið Jyllands-Posten skopmyndir af Múhameð spámanni. Viðbrögðin urðu ofsafengin. Ýmsir litu á myndirnar sem afsprengi fordóma gegn múslimum í Danmörku eða að þetta væri slíkt mál að sýna þyrfti sérstaka tillitsemi og kröfðust afsökunarbeiðni. Ritstjórnarnir neituðu og teiknarar urðu að fara í felur vegna morðhótana. Við þekkjum atburðina sem fylgdu og hina mikilvægu umræðu sem fram fór – öldur lægði að lokum og má segja að tjáningarfrelsið hafi unnið á endanum. Reiðin vegna nokkurra skopmyndinga kom flestum á Vesturlöndum í opna skjöldu.

Övænt eignuðumst við okkar litla skopmyndamál hér á Íslandi.

Á kjördag birti Fréttablaðið teikningu eftir Gunnar Karlsson af frambjóðendum í Reykjavík. Á myndinni má sjá einstakling með hvíta slæðu. Gunnar sagði í samtali við Vísi á kjördag að hann væri ekki að koma neinni afgerandi afstöðu á framfæri

Mikael Torfason

mikael@frettabladid.is



heldur væri þetta vísan til þess að umræðan í kosningabaráttunni hafi snúist heldur mikið um útspil Sveinbjargar Birnu Sveinbjörnsdóttur, oddvita Framsóknarflokks í Reykjavík, um að rétt væri að afturkalla lóðarúthlutun til Félags múslima á Íslandi.

Ýmsir urðu til að móðgast fyrir hönd Sveinbjargar. Kosningastjóri flokksins sagði að með birtingu skopmyndarinnar hefði Fréttablaðið opinberað hatur sitt á Sveinbjörgu. Það er auðvitað af og frá. Skopmyndirnar bláðsins fá engin fyrirmæli um hvað þeir skuli teikna. Sjálf tók Sveinbjörg teikningunni illa. Í umræðuþættinum Eyjunn á Stöð 2 á sunnudag sagði hún að henni hefði sárnað mjög skopmyndin og hún velti því fyrir sér hvort henni og börnunum væri vært á Íslandi eftir birtingu myndarinnar.

Nú ber til þess að líta, og er þá tekið mið af umræðu á netinu, að líklegt er að margir sem fordæma umrædda skopmynd hafi furðað sig á fárinu vegna teikninganna í Jyllands-Posten. Og ekki þótt nokkur ástæða til að fjargviðrast vegna þeirra. Birting slíkra mynda er einfaldlega mikilvægur liður í lýðræðishefð sem tekið hefur áhrundruð að þróa á Vesturlöndum. Lýðræðishefð, sem hvílir á tjáningarfrelsinu. Vart ætti að þurfa að benda á tvískinnunginn í þessari afstöðu. Þrúinn taka með öðrum orðum mið af afstöðu hvers og eins hverju sinni. Það gengur ekki upp.

Auðvitað er mikilvægt að við sýnum hvert öðru nærgætni. En það getur aldrei verið neinn útgangspunktur þegar um er að ræða tjáningarfrelsið. Þar getur engin hentistefna ráðið för. Hér á landi eru í gildi lög um ærumeiðingar, lög sem reist eru á ákvæðum í stjórnarskrá og þar ætti þessari umræðu að ljúka. Okkur getur þótt einhver teikning ósmekklegr og getum ekki bannað tjáningu af þeirri ástæðu einni að einhver kunnir að móðgast.

Af sama meidi er hin mótsagnakennda afstaða sem látið hefur á sér kræla í netheiminum; að fjölmiðlar hafi verið virkir þátttakendur í að dreifa hatusáróðri á hendur múslimum. Með því þá að birta sjónarmið og skoðanir, sem sannarlega geta, sé litið til framtíðar, haft móttandi áhrif á samfélag okkar. Afstaða okkar sem störfum við blaðamennsku hlýtur að vera sú að draga beri fram þessi sjónarmið svo þau megi ræða og taka til þeirra afstöðu sem byggir á skynsemi og þeirri lýðræðishefð sem við byggjum á. Ekki að þagga niður mál eða reka þau aftur í þau skúmasket þaðan sem þau eru ættuð – víst er að þaðan geta þau sprottið tvífeld á ný – við fyrsta tækifæri.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Óskilgreint afl

Niðurstaða málefnaþinganna í nokkrum sveitarfélögum eiga að liggja fyrir í dag. Björt framtíð mun skipa meirihluta bæði til hægri og vinstri. Heiða Kristín Helgadóttir, framkvæmdastjóri flokksins, sagði í kvöldfréttum Stöðvar 2 um helgina að með því væri Björt framtíð að stimpla sig inn með afgerandi hætti. Hún nefndi það einnig, að margra mati réttlæga, að flokkurinn hefði verið óskilgreint afl fyrir mörgum. Það verður spenn-

andi að sjá málefnaþinganna sem Björt framtíð mun kvitta upp á, en flokkurinn kemur til með að starfa bæði til hægri og vinstri. Mögulega mun það skýrast fyrir hvað þetta óskilgreinda afl stendur, þegar samningarnir liggja fyrir.

gleyma því að það var hún sem hóf umræðuna, með því að segjast vilja draga úthlutun lóðar undir mosku, þar sem múslimar iðka trú sína, til baka. Flokksystir hennar Guðfinna Jón. Guðmundsdóttir sagði

Framsóknarvika

Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir, oddviti Framsóknar í Reykjavík, sagði í þættinum Eyjan hjá Birni Inga að sér þætti leiðinlegt að múslimar hefðu verið dregin inn í umræðuna fyrir borgarstjórnarkosningarnar. Sveinbjörg virðist

í sama þætti að hún teldi ekki útilokað að flokkurinn hefði grætt á þessum ummælum Sveinbjargar. Hún virðist gleyma því að Sveinbjörg sá ástæðu til að þakka fjölmiðlum tvö sæti flokksins í kosningunum. Vika er greinilega langur tími hjá Framsóknarflokki. fanney@frettabladid.is



HALLDÓR



FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUFLAGSSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRNAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Stöðvum stríðsnauðganir

OFBELDI



Stuart Gill sendiherra Bretlands

Beiting kynferðisofbeldis í stríði er meðal alvarlegustu mannréttindabrotu sem eiga sér stað á okkar dögum. Það er erfitt að skjalfesta sannanir um það og enn erfiðara að rannsaka það. Fremjendur slíkra brota eira engu, því þetta snýst ekki um kynlíf heldur ofbeldi, drottun og að útbreiða ótta og skelfingu. Það gengur ekki lengur að maður með byssu fyrirskipi eða fremji nauðgun og komist upp með það refsingarlaust vegna þess að glæpurinn var framinn í stríði. Rétt eins og þjódir heims gátu komið sér saman um að úthýsa jarðsprengjum af vígvöllum mun heimsbyggðin nú verða að koma sér saman um að binda enda á beitingu kynferðisofbeldis í stríðsátökum.

Dagana tíunda til þrettánda júní munu breski utanríkisráðherrann William Hague og sérlegur erindreki SP, Angelina Jolie, verða gestgjafar alþjóðlegrar ráðstefnu sem markar hápunkt hnatt-rænnar herferðar sem helguð er þessu markmiði. Ráðstefnan ber yfirskriftina Global Summit to End Sexual Violence in Conflict. Hana munu sækja fulltrúar ríkisstjórna, borgarasamtaka, herja og dómskerfa mikils fjölda landa úr öllum heimsálfum. Fulltrúi íslenskra stjórnvalda verður Gunnar Bragi Sveinsson utanríkis-

ráðherra. Almennungi er líka boðið að taka virkan þátt. Úti um allan heim mun fólk sameinast um kröfuna um að nauðganir og kynferðisofbeldi verði fjarlægð úr vopnabúri grimmdarinnar.

Sá stuðningur sem Íslendingar hafa veitt þessari herferð er dýrmætur. Eftir hádegisdag í dag munu forsætisráðherra og fleiri ráðherrar úr ríkisstjórn Íslands, ásamt mörgum fleira fólki, standa með mér í Breska sendiráðinu að því að lýsa samstöðu þjóða okkar í baráttunni gegn kynferðisofbeldi í stríði.

Hver sá sem þetta les er líka hvattur til að taka þátt. Að lestri þessa greinarstufts loknum hvet ég þig, lesandi góður, til að fara á Youtube og horfa þar á stuttmyndina Don't believe the thumbnail, this is the stuff for nightmares. Hún sýnir hrylling nauðgana og kynferðisofbeldis frá sjónarhóli barns á einu af ótal átakasvæðum heimsins. Ég er viss um að það mun breyta heimsmynd þinni að horfa á þessa mynd. Þú getur svo tekið þátt í umræðunni á samfélagsmiðlum undir #TimeToAct og fylgst með á Facebook- og Twitter-síðum sendiráðsins undir notandanafninu ukini-celand. Láttu orðið berast meðal vina og vandamanna, og legðu þitt af mörkum til að binda enda á þessa hroðalegu glæpi.

2014 rmm.



Goldberg tilbrigðin
Davíð Þór Jónsson, Kathryn Stott,
